



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
22.08.23	17:00	HT - 104	2
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Rakel Anna Boulter	Guðmundur Ásgeir Guðmundsson	22.08.23	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Arna Dís Heiðarsdóttir (Röskva)			
Daníel Hjörvar Guðmundsson (Vaka)			
Emilía Björt Írisard. Bachmann (Röskva)			
Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)			
Kristmundur Pétursson (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Kristrún Vala Ólafsdóttir fyrir Sigríði Helgu Kárdal Ásgeirsdóttur (Röskva)			
Daniel Thor Myer (Röskva)			
Elísabet Sara Gísladóttir (Vaka)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Guðni Thorlacius (Röskva)			
Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva)			
Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva)			
Tanja Sigmundsdóttir (Röskva)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
María Rós Kaldalóns (Röskva)			
Davíð Ásmundsson (Röskva)			
Eiður Snær Unnarsson (Vaka)			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ			
Dagmar Óladóttir, varaforseti SHÍ			
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari)			
Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ			
Afomia Mekkonen			
Birta Dís Jónsdóttir Blöndal			
Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir			
Linda Rún Jónsdóttir			
Bergmann Óli Aðalsteinsson			
Valgerður Laufey Guðmundsdóttir			
Tinna Eyvindardóttir			
Sigurbjörg Guðmundsdóttir.			
Sindri Freyr Ásgeirsson			
Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Hugvísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Menntavísindasvið: Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa (Vaka)

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur 22. ágúst 2023 í stofu HT 104

Agenda Student Council Meeting on August 22nd, 2023, in room HT 104

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05
The President of the Student Council convenes the meeting.
2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs þann 21. júní borin upp til samþykktar
(*atkvæðagreiðsla*) 17:05-17:10
Vote on minutes from the Student Council meeting on June 21st.
3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:10-17:30
Announcements and issues ahead
4. Minnisblað um Októberfest og Nýnemadaga 17:30-17:40
A memorandum on Oktoberfest
5. Kynning um notendamiðaða stafræna þjónustu frá Guðnýju Benediktsdóttur 17:50 -
18:05
Introduction to user-centered digital services from Guðný Benediktsdóttir
6. Skipun fulltrúa stúdenta í eftirfarandi nefndir háskólaráðs: málnefnd, vísindanefnd
auk áheyrnarfulltrúa í öryggisnefnd (*atkvæðagreiðsla*) 18:05-18:15
*Appointment of a student representative to the University Council's Icelandic Language
Committee, Science Committee as well as an observer in the Health and Safety Committee.*
7. Kjör í stjórn í Stúdentasjóðs 18:15-18:20 (*atkvæðagreiðsla*)
Vote to the board of the Student Fund
8. Hlé 18:20-18:30
Intermission



Stúdentaráð Háskóla Íslands

9. Niðurstöður stefnumótunardags - framkvæmdaáætlanir fastanefnda 18:30-19:20
(umræður og atkvæðagreiðsla)

Vote on the Student Council's committees implementation plans

10. Önnur mál 19:20-19:25

Other issues

11. Fundi slitið 19:25

Meeting ends

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:06

The President of the Student Council convenes the meeting

2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs þann 21. júní borin upp til samþykktar

(atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10

Vote on minutes from the Student Council meeting on June 21st.

- a. Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar.

i. Ein athugasemd barst fyrir fund þar sem stúdentaráðsliði var settur undir rangt svið. Því var kippt í lag.

- b. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum.

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:10-17:30

Announcements and issues ahead

- a. **Ráðningar á skrifstofu Stúdentaráðs:** Skarphéðinn Finnbogason hefur verið ráðinn samskiptafulltrúi SHÍ í tengslum við Októberfest. Rökstuðningur þess efnis hefur verið birtur á miðlum Stúdentaráðs. Alls bárust Stúdentaráði 8 gildar umsóknir. *Forseti fer yfir skipan ráðninganefndar.*

- b. **Vísindaferðir í Stúdentaráð:** Síðustu fjögur ár hefur Stúdentaráð haldið vísindaferðir. Þá hefur tíðkast að bera upp tillögu á Stúdentaráðsfundum um vísindaferðirnar og hafa slíkar tillögur í öllum tilfellum verið samþykktar. Ástæða þess að tillaga hefur verið borin upp er bæði vegna þess að ekki hefur verið búið að taka fyrir framkvæmdaáætlum félagslífs- og menningarnefndar Stúdentaráðs né fjárhagsáætlun Stúdentaráðs. Stjórn taldi að þessu sinni ekki ástæðu til að bera vísindaferðir Stúdentaráðs upp sem tillögu í ljósi þess að hefð hefur skapast um málið. Stjórn tók málið því fyrir á síðasta fundi og veitti samþykki fyrir vísindaferðunum. Ætlunin er að halda fimm vísindaferðir, eina fyrir hvert fræðasvið. Munu sviðsráð taka virkan þátt í vísindaferðunum á sínum sviðum.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- c. **Fundur með hagsmuna- og nemendafélögum HÍ 21. ágúst:** Haldin var fundur með hagsmuna- og nemendafélögum daginn fyrir Stúdentaráðsfund og var stuttlega greint frá þeim fundi. Á dagskrá var kynning á Stúdentaráði og þjónustu sem ráðið veitir, hagsmunamálum stúdenta og viðburðum framundan.
- d. **Starfsemi skrifstofu:** Akademían kom út 18. ágúst. Mikið um að vera í móttöku alþjóðanema. Myndataka SHÍ liða fór fram. Hagsmunaskrá Stúdentaráðs hefur verið gerð aðgengileg á vefsíðu ráðsins. Opnunartími skrifstofu er aftur komin í eðlilegt horf, hún er opin frá 10-17 alla virka daga. *Sviðsráðsforseti MVS biður um eintök af Akademiunni upp í Stakkahlíð.*
- e. **Stjórn Stúdentaráðs:** Stjórn hefur fundað tvisvar frá síðasta Stúdentaráðsfundi. Sagt frá síðustu fundum stjórnar og því sem þar fór fram.
- f. **Gleðiganga stúdenta með Q-félaginu:** Á fulltrúaráðsfundi LÍS bar fulltrúi frá Q-félaginu upp þá hugmynd að öllum stúdentum yrði boðið að ganga með Q-félaginu í gleðigöngunni þetta árið. Fékk sú hugmynd góðar undirtektir. SHÍ tók virkan þátt í skipulagi og undirbúningi fyrir gönguna og auglýsti Q-félagið á sínum miðlum með mikilli ánægju. Gangan sjálf gekk ljómandi vel og eru allir aðilar sáttir við útkomuna.
- g. **Næstu fundir Stúdentaráðs:** Tímasetningar fyrir alla fundi vetursins kynntar.
- h. **Mánaðarlegir pistlar forseta:** Fyrsti pistillinn kom inn 1. ágúst, sá var tvöfaldur. Næsti er á leiðinni.
- i. **Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs:** Er í vinnslu og er stefnan að taka hana fyrir á næsta fundi Stúdentaráðs.
- j. **Samráðsfundur með ráðherra:** Mánaðarlega eiga forsvarsaðilar stúdentahreyfinga háskólanna ásamt LÍS samráðsfund með Háskóla- vísinda- iðnaðar og nýsköpunarráðherra. Greint verður frá síðasta samráðsfundi sem stúdentar áttu með ráðherra.

Spurning úr sal: Hvort hagsmunaskráin væri opinberuð orðrétt. Forseti svarar því játandi.

4. Minnisblað um Oktoberfest og Nýnemadaga 17:30-17:40

A memorandum on Oktoberfest

- a. Minnisblað með helstu upplýsingum um Októberfest SHÍ, nýnemadaga HÍ og Orientation Days. Forseti fer yfir minnisblaðið og efni þess rætt.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- b. *Spurning úr sal:* Hvort SHÍ fái eitthvað í kassann af Októberfest. Forseti og framkvæmdarstjóri svara því játandi.

Tillaga um að taka fundarlið 6 á undan fundarlið 5 borin upp.

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum.

5. Kynning um notendamiðaða stafræna þjónustu frá Guðnýju Benediktsdóttur 17:38
Introduction to user-centered digital services from Guðný Benediktsdóttir
Guðný: Þetta fer í loftið í lok september/byrjun október.
6. Skipun fulltrúa stúdenta í eftirfarandi nefndir háskólaráðs: málnefnd, vísindanefnd auk áheyrnarfulltrúa í öryggisnefnd (*atkvæðagreiðsla*) 17:30
Appointment of a student representative to the University Council's Icelandic Language Committee, Science Committee as well as an observer in the Health and Safety Committee.
- a. Vísindanefnd, Fedon - Félag Doktorsnema og Nýdoktora við Háskóla Íslands tilnefnir fulltrúa.
- i. Tilnefning Fedon og því er ekki þörf á atkvæðagreiðslu.
1. Valgerður Pálmadóttir tilnefnd.
- b. Atkvæðagreiðsla
Bergmann Óli Aðalsteinsson – áheyrnarfulltrúi í öryggisnefnd
- i. **Einróma samþykkt með 16 atkvæðum**
Piergiorgio Consagra – fulltrúi stúdenta í málnefnd.
- ii. **Einróma samþykkt með 16 atkvæðum**
7. Kjör í stjórn í Stúdentasjóðs 17:50 (*atkvæðagreiðsla*)
Vote to the board of the Student Fund
- a. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs skv. 2. gr. laga sjóðsins.
Stúdentaráð skal skipa fulltrúana á Stúdentaráðsfundi fyrir 15. september ár hvert og sitja fulltrúarnir í stjórn sjóðsins í eitt ár.
- b. Fylkingarnar tilnefna einn fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs.
- i. Vaka tilnefnir Sigurbjörgu Guðmundsdóttur
- ii. Röskva tilnefnir Hjaltá Dag Hjaltason
- c. Atkvæðagreiðsla (*Viðstödd voru sammála um að kjósa um báðar tilnefningar í einu*)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum.

8. *Hlé 18:20-18:30*

Intermission

9. Niðurstöður stefnumótunardags - framkvæmdaáætlanir fastanefnda 18:30-19:20
(*umræður og atkvæðagreiðsla*)

Vote on the Student Council's committees implementation plans

- a. Alþjóðanefnd – Nana, forseti nefndarinnar, kynnir.
 - i. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum.

- b. Félagslífs- og menningarnefnd – Kristmundur kynnir
 - i. Breytingartillögur um að taka út atriði sem hafa verið ákveðin (*p.e. taka út atriði sem voru nú þegar afgreidd og óþarfi að hafa inni áfram*)

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum

- ii. Atkvæðagreiðsla um áætlunina

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum

- c. Jafnréttisnefnd – Rannveig, forseti nefndarinnar, kynnir
 - i. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum.

- d. Umhverfis- og samgöngunefnd – Júlíus Viggó, meðlimur nefndar, kynnir.

- i. Breytingartillögur varðandi stafsetningu
Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum

- ii. Breytingartillaga á 1. punkti 3. liðar undir *Samgöngumál*. Breytingartillagan snýr að því að taka út fjólubláa textann á mynd

Tryggja jafnan aðgang að námi fyrir nemendur sem geta ekki nýtt sér almenningsamgöngur í núverandi mynd

- *Berjast fyrir því að **bílastæði** verði aðgangsstýrð en gjaldskylda verði ekki lögð á stúdenta á meðan mótvægisáðgerðir eru ekki til staðar T.d. væri hægt að nota stúdentakort í stað greiðslu í gjaldtökuvélum til að forðast flöskuhálsa vegna lókunarpósta.*

Atkvæðagreiðsla

Samþykkt: **10 samþykkt.**

Sátu hjá: **1 sat hjá** - Dagbjört Ósk.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Á móti: **5 á móti** – Elísabet Sara, Eiður Snær, Daníel Hjörvar, Júlíus Viggó og Steinunn Kristín.

Breytingartillagan var því samþykkt.

iii. Atkvæðagreiðsla um áætlunina sjálfa.

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum

10. Önnur mál 19:20-19:25

Other issues

a. Forseti vill greina frá öðru máli. Háskóli Íslands býður forsvarsfólki stjórnmalaflokka reglulega í heimsókn þar sem háskólinn er kynntur. Forseta Stúdentaráðs er jafnframt boðið að sitja þá fundi og segja nokkur orð. Kristrún Frostadóttir sótti slíkan fund í síðustu viku.

b. Guðni leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er miður að Vöku hafi enn ekki tekist að manna sín sæti í sviðsráðum hugvísindasviðs og menntavísindasviðs. Vinna sviðsráðanna er mikilvæg fyrir hagsmunabaráttu stúdenta og undirmönnun þeirra getur leitt til þess að sviðsráðin nái ekki að sinna sinni vinnu. Ég vona að Vaka nái að leysa þetta vandamál sem fyrst eða leiti annara leiða til að þessi sæti verði mönnuð.

Dagbjört, Tanja, Steinunn og Júlía taka undir.

c. Kristmundur leggur fram svohljóðandi bókun:

Það ríkir neyðarástand í loftslagsmálum og í ljósi þess þykir mér nauðsynlegt að áherslur Umhverfis- og samgöngunefndar í þeim málum séu róttækar og horfi til framtíðar. Við erum sannarlega stúdentaráð stúdenta sem stunda nám nú við Háskóla Íslands en ekki síður þeirra sem koma á eftir okkur. Við værum ekki þar sem við erum í dag nema vegna þess sem fyrri stúdentaráð hafa gert fyrir okkur og þess vegna finnst mér skipta máli að við vinnum fyrir hagsmuni stúdenta sem koma á eftir okkur ekki síður en þeirra sem eru hér nú.

Guðni, Davíð, Steinunn, Dagbjört og Daniel Thor taka undir.

11. Fundi slitið 19:25

Meeting ends